

Frá: Björgunarsveitin Ósk

Sent: þriðjudagur, 7. júní 2022 10:20

Til: Sveitarstjóri Dalabyggð <sveitarstjori@dalir.is>

Efni: Dósasöfnun Óskar við grenndarstöðvar

Til byggðarráðs Dalabyggðar

Björgunarsveitin Ósk áformar markvissari dósasöfnun í Dalabyggð en hingað til hefur verið stunduð. Liður í því er að dreifa út söfnunarkössum sem við eigum von á frá Endurvinnslunni (sjá mynd í viðhengi) fyrir fólk sem á leið um sveitarfélagið eða staldrar við í skemmri tíma. Heppilegir staðir til þess eru grenndarstöðvar sveitarfélagsins fyrir frístundahús. Verkefnið er ekki bara góð fjáröflun fyrir sveitina sem stendur nú í kaupum á nýjum bíl, heldur er þetta liður í að bæta heimtur á skilaskyldum umbúðum og hringrásarhagkerfið.

Björgunarsveitin Óskar hér eftir að fá að staðsetja söfnunarílát við eftirtaldar grenndarstöðvar: Tjarnarlundur, Staðarfell, Laugar (að höfðu samráði við rekstraraðila tjaldsvæðis), Búðardal (hjá gámasvæði), Árblik og Vörðufellsrétt.

Ef vel gengur og ílát eru á lausu viljum við einnig fá vilyrði fyrir grenndarstöðvunum við Fellsendarétt og Setberg.

Kveðja,

Kristján Ingi Arnarsson, formaður

Björgunarsveitin Ósk

Vesturbraut 12b, 370 Búðardal

kt.: 620684-0909